



Menntamálanefnd Alþingis
Þórshamri við Templarasund
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 125/1971
komudagur 7.4.2000

Reykjavík 4. apríl 2000
SG/gh

Landlækni hefur borist til eyrna að menntamálanefnd Alþingis hafi til umsagnar frumvarp til laga um lögleiðingu ólympískra hnefaleika. Landlæknir hefur ekki verið beðinn um álit á nefndu frumvarpi en telur sér eigi að síður skylt að reyna að leggja á það mat. Eitt af rökum fyrir því að leyfa áhugamannahnefaleika hér á landi snúast enda um að þeir séu ekki hættulegir heilsu manna.

Enginn ágreiningur er um heilsufarslegar afleiðingar atvinnuhnefaleika og ber þar hæst bráðan og langvinnan skaða á augum, heilahristing, heilablæðingar (sem hafa leitt til dauða) og langvinnan heilaskaða með margvíslegum einkennum, þ.á.m. verulegum glöpum (dementia pugilistica).

Hins vegar hefur verið nokkur ágreiningur um hvort áhugamannahnefaleikar (einnig nefndir ólymískir hnefaleikar) leiði til hins sama. Hnefaleikar eru allsérstæð íþrótt að því leyti að hún miðar að því að berja á andstæðingnum og því snyrtilegar sem það er gert þeim mun glæsilegri er leikurinn sem oft nær hámarki í því að andstæðingurinn er rotaður (meðvitundarmissir vegna höfuðáverka). Að sjálfsögðu eru aðrar íþróttir ekki hættulausar nema síður sé en færstar þeirra hafa þennan tilgang hnefaleikanna. Jafnvel austurlenskar sjálfsvarnariþróttir eru flestar æfðar þannig að höggi er ekki komið á andstæðinginn.

Allnokkrar vísindarannsóknir hafa verið birtar á undanförunum áratug um heilsufarslegar afleiðingar áhugahnefaleika. Niðurstöður þeirra eru yfirleitt á einn veg að því er lýtur að augnáverkum (ýmis konar áverkar hafa greinst, allt frá örum á sjónhimnu, sjónhimnulós, dreg á auga og í langflestum tilvikum eða 75-80% voru þessi vandamál rakin til áverka í íþróttinni) (1,2).

Rannsóknir greinir hins vegar nokkuð á um alvöru og tíðni heilaáverka. Nýleg rannsókn frá Bandaríkjunum leiddi til dæmis í ljós að einn af hverjum 60 þús. áhugahnefaleikamönnum fékk alvarlegan heilaáverka (3). Sömuleiðis hafa ástralskar rannsóknir leitt í ljós litla áverkatíðni en þó sýndi önnur marktækan mun á finum taugalífeðlisfræðilegum prófum hjá hnefaleikamönnum (4,5). Aðrar taugalífeðlisfræðilegar rannsóknir, t.d. frá Karolinska sjúkrahúsinu í Svíþjóð hafa leitt svipaðar breytingar í ljós, m.a. með heilaritsrannsóknum (6). Tvær rannsóknir á áhrifum hnefaleika á taugakerfi frá Bretlandi leiddu hins vegar hvorugar í ljós nein vandamál hjá leikmönnum (7,8).

Aðrar rannsóknir hafa verið ákveðnar í þá átt að greina sterkari tengsl, þ.á.m. rannsókn frá John Hopkins háskólanum í Baltimore (9) þar sem greinileg tengsl voru á milli ýmis konar mælanlegra taugaskaða og fjölda lota sem viðkomandi hnefaleikari hafði barist í. Rannsókn frá New Hampshire í Bandaríkjunum leiddi enn fremur í ljós breytingar á heilablóðflæði (mælt með technetium 99 SPECT skönnun) hjá áhugahnefaleikurum (10). Niðurstaða ýmissa þeirra höfunda sem um þessi mál hafa ritað er sú að frekari rannsókna sé þörf til að svara spurningunni endanlega hve alvarlegir höfuðáverkar hljótist af áhugahnefaleikum en vissulega séu ljósar vísbendingar þar um.

Í ljósi þessa er mjög óráðlegt frá heilsufarslegu sjónarmiði að mæla með því að áhugahnefaleikar verði leyfðir á Íslandi.

Með kveðju,



Sigurður Guðmundsson
landlæknir

Heimildir:

1. Vadala et al. Boxing and the eyes: morphological aspects of the ocular system in boxers. Eur J Ophthalmol 1997 Apr-Jun;7(2):174-80.
2. Wedrich et al. Ocular findings in asymptomatic amateur boxers. Retina 1993;13(2):114-9).
3. Ross RT & Ochsner MG Jr. Acute intracranial boxing-related injuries in U.S. Marine Corps recruits: report of two cases. Mil Med 1999 Jan;164(1):68-70).
4. Porter M & O'Brien M. Incidence and severity of injuries resulting from amateur boxing in Iceland. Clin J Sport Med 1996 Apr 6(2):97-101.
5. Porter MD & Fricker PA. Controlled prospective neuropsychological assessment of active experienced amateur boxers. Clin J Sport Med 1996 Apr;6(2)90-6).
6. Haglund Y & Eriksson E. Does amateur boxing lead to chronic brain damage? A review of some recent investigations. Am J Sports Med 1993 Jan-Feb;21(1):97-109).
7. Butler RJ. Neuropsychological investigation of amateur boxers. Br J Sports Med 1994 Sep;28(3):187-90. 8. Butler RJ et al. A prospective controlled investigation of the cognitive effect of amateur boxing. J Neurol Neurosurg Psychiatry 1993 Oct;56(10):1055-61).
9. Stewart et al. Prospective study of central nervous system function in amateur boxers in the United States. Am J Epidemiol 1994 Mar 15;139(6):573-88).
10. Kemp et al. Cerebral perfusion and psychometric testing in military amateur boxers and controls. J Neurol Neurosurg Psychiatry 1995 Oct;59(4):368-74).